

Vatnajökulsleiðangur J.P. Kochs 1912

Vigfús Geirdal*

ÁGRIP

Í greininni er fjallað um leiðangur sem farinn var árið 1912 upp á Vatnajökul til undirbúnings stærri leiðangri yfir þveran Grænlandsjökul. Byggt er á þremur meginheimildum og hafa tvær þeirra ekki verið aðgengilegar áður: Dagbækur leiðangursstjórans J.P. Koch og þýska vísindamannsins Alfreds Wegeners, sem seinna varð þekktur sem höfundur landrekskenningarinnar. Einnig er byggt á ferðasögu Vigfúsar Sigurðssonar, *Um þvert Grænland*, íslenska þátttakandans í leiðangri fjögurra manna yfir Grænland 1912–1913. Ferðin er rakin áfanga fyrir áfanga, allt frá Akureyri til Esjuþjalla í sunnanverðum Vatnajökli, og til baka. Leitast er við að sýna mismunandi sjónarhorn þessara þriggja ólíku heimildarmanna – höfuðsmanns í danska hernum og kortagerðarmanns; þýskis veðurfræðings og háskólakennara; og íslensks bónda sem engrar skólagöngu hafði notið. Ferðin gekk í aðalatriðum að óskum. Íslenskir hestar sem reyndir voru skiluðu hlutverki sínu vel og voru notaðir í Grænlandsleiðangrinum í framhaldinu. Íslenskir jarðvísindamenn hafa lengi hallast að því að Wegener hafi ekki áttað sig á mikilvægi miðhálandis Íslands fyrir hina nýju landrekskenningu sína, enda hafi hann ekki verið jarðfræðingur að mennt. Dagbók hans leiðir hins vegar í ljós að hann tók eftir ýmsu sem féll vel að landrekskenningunni þótt hann gerði ekki mikið úr því, ef til vill til að forðast áreksstur við ríkjandi viðhorf lærðra jarðfræðinga.

Lykilorð: Vatnajökull, Ódádahraun, Askja, J. P. Koch, Alfred Wegener, Vigfús Sigurðsson.

ABSTRACT

Captain J. P. Koch's Vatnajökull Expedition in 1912

The article describes an expedition that was undertaken in 1912 up to the Vatnajökull ice cap, in preparation for a longer expedition that involved crossing Greenland's ice sheet. Three main sources are used, two of which have not been easily accessible before: the diaries of expedition leader Captain J. P. Koch and Alfred Wegener, later celebrated as the author of the theory of continental drift. The third source is the book *Um þvert Grænland (Crossing Greenland)* by Vigfús Sigurðsson, the Icelandic member of a group of four who crossed Greenland in 1912–1913. The article traces the progress of the journey, from the town of Akureyri to the Esjuþjöll nunataks in southern Vatnajökull and back. The different views of these three men – a Danish military officer and cartographer; a German scientist and university teacher; and an Icelandic farmer and a labourer with no school education at all – are highlighted. The expedition was largely successful. Icelandic horses that were tried for carrying supplies and personnel proved reliable and were used in the Greenland expedition that followed. Icelandic geologists have long believed that Wegener, who was not a trained geologist, travelled through the central highland of Iceland unaware of its importance for his new theory of continental drift. However, his diary reveals that he noticed several characteristics that supported his theory even if he did not emphasise this, perhaps to avoid confrontation with the prevailing paradigm among professional geologists at the time.

Keywords: Vatnajökull, Ódádahraun, Askja, J. P. Koch, Alfred Wegener, Vigfús Sigurðsson.

INNGANGUR

Miðvikudaginn 6. mars 1912 birti blaðið *Ísafold* forsíðufrétt undir fyrirsögninni „Ný Grænlandsför.“ Undirfyrirsögnin var „Íslendingar, ísl. hestar. Koch höfuðsm.“ Greindi blaðið síðan frá því að Johan Peter Koch höfuðsmaður í landmælinga-deildinni dönsku hygðist þá um sumarið fara í rannsóknarferð til Grænlands ásamt tveimur öðrum vísindamönnum, öðrum

þýskum og hinum dönskum. Erindið væri að rannsaka snjólaust landflæmi inni í landi og halda síðan þvert yfir landið, um 1200 kílómetra leið.

„Það sem eftirtektarverðast er við för þessa“, segir blaðið svo,

er það, að íslenskir hestar verða notaðir til flutninga í stað grænlenzku hundanna. Menn þessir koma til Íslands í maí eða júní, kaupa

* Höfundur er sagnfræðingur, framhaldsskólakennari og þýðandi. Netfang: vigfus@akademia.is

15 hesta og fá sér íslenzkan fylgdarmann. Leggja síðan norður yfir þveran Vatnajökul og er þetta gert til reynslu.

Ísafold hafði líka ákveðna skoðun á því hvernig íslenski fylgdarmaðurinn átti að vera. Hann átti að vera hraustur og vanur vetrarferðamaður, t.d. reyndur landpóstur.

Umfjöllun annarra íslenskra blaða var í svipuðum anda. Dagblaðið *Vísir* (8. mars 1912, 65) hafði vissar efasemdir um þau áform Kochs að nota íslenska hesta: „Sagt er, að hann ætli að hafa hesta af Íslandi til fararinnar, þótt tvísýnt sje, hvort þeir geti komið að notum.“ Blaðið velktist ekki í minnsta vafa um að rannsóknarleiðangur þessi yrði hin mesta „glæfrafir.“

Leiðangursstjórinn J.P. Koch var kunnur maður á Íslandi á þessum tíma. Hann hafði fyrst komið hingað til lands sumarið 1902 (*Reykjavík* 26. júlí 1902) ásamt fleiri landmælingamönnum á vegum danska herforingjaráðsins. Næstu tvö sumur var hann síðan ásamt fleiri félögum sínum við mælingar austur í Skaftafellssýslum og mældi bæði suðausturströndina og Vatnajökul sunnanverðan. Meðal annars fór hann ríðandi ásamt íslenskum fylgdarmanni upp Örefajökul svo langt sem komist varð, gekk síðan á Hvannadalshnjúk og mældi hæð hans fyrstur manna með nákvæmum hætti (Koch 1906, sjá einnig Ágúst Bøðvarsson 1996, 74–95).

Vakti frammistaða Kochs í þessum ferðum svo mikla aðdáun íslenskra samferðamanna hans að af honum mynduðust sögur, t.d. þegar hann svaf í heypoka á Örefajökli og sundreið Skeiðará hálfnakinn í frosti og norðanroki (*Fjallkonan* 16. apríl 1904). Alþýðleg framkoma hans og ósérhlífni vöktu hrifningu Örefinga (Flosi Björnsson 1998, 137). Að hinu sama hniga

eftirfarandi ummæli Þorleifs Jónssonar í Hólum í Hornafirði:

Hann tjaldaði hér við Bergá, tók sér það árla dags í ánni, kom síðan heim að fá sér skyrdisk; fór síðan hér upp um fjöll og firnindi, gerði vörður og setti mælistengur; kom síðan heim að kvöldi og fékk sér þá skyr aftur. Skyr sagði hann, að sér þætti bezt matar (Þorleifur Jónsson 1954, 383).

Og ekki kunnu menn síður að meta litkort það sem fylgdi grein hans í *Geografisk Tidsskrift* árið 1906 því að Helgi Pétursson (dr. Helgi Pjeturss) lagði til að Íslendingar hefðu kort þetta uppi á vegg hjá sér „og ætti Koch skilið að Íslendingar myndu nafn hans“ (Helgi Pétursson 1906, 84).

En Koch hafði líka fyllst aðdáun á „islænderne“, þ.e.a.s. íslensku hestunum, um leið og hann kynntist kostum þeirra, jafnt á jöklum, í sandbyljum sem straumhördum jökulám. Fyrir hans orð hafði jafnvel komið til tals að taka sex íslenska hesta með í Danmarksleiðangur skáldsins Ludvigs Mylius-Erichsens¹ sumarið 1906 þótt ekki yrði af því (*Geografisk Tidsskrift* 1905). Hins vegar fylgdi leiðangrinum bifreið, sú fyrsta sem kom til Grænlands og líklega sú fyrsta í sögunni sem „sérútbúin“ var til heimskautiferða (Arktisk Institut [AI] 1906).

Um þessar mundir er öld liðin frá því að Grænlandsleiðangur J. P. Kochs var farinn. Hann reyndist svo sannarlega glæfrafir. Hann skilaði líka miklum og merkilegum vísindalegum árangri (Reeh 1993). Allir komu leiðangursmenn heilir á húfi úr hildarleiknum þótt litlu munaði að þeir yrðu hungurdauða svo að segja á síðustu metrunum. Allir hlutu þeir frægð fyrir en mega nú heita gleymdir. Allir nema einn: Þýski vísindamaðurinn sem Ísafold hafði

¹ Leiðangur 1906–1908 kenndur við Grænlandsfarið Danmark og farinn til að kortleggja Norðaustur-Grænland og sinna ýmsum fleiri rannsóknum á sviði veðurfræði og jökklarannsókna. Ljóst er að hugmynd Kochs að nota íslenska hesta í heimskautiferðir er algjörlega óháð ákvörðun þeirra Ernests Shackletons (1907) og Roberts Scotts (1912) að nota Síberíuhesta á Suðurskautslandinu.

ekki einu sinni fyrir að nefna með nafni: Dr. Alfred Lothar Wegener.

VIÐFANGSEFNIÐ OG HEIMILDIRNAR

Hér verður fjallað um æfingaferðina sem farin var á hestum yfir Ódáðahraun og Vatnajökul, 14. júní–1. júlí sumarið 1912 (mynd 1). Þetta er eina ferðin, svo staðfest sé, sem farin hefur verið á hestum fram og til baka yfir Vatnajökul og verðskuldar því fyllilega að henni séu gerð ítarleg skil. Markmiðið er þó öðru fremur að leiða í ljós

hversu gagnlegur og í raun lífsnauðsynlegur undirbúningur þessi ferð var fyrir höfuðverkefnið, vetursetuna á Grænlandsjökli og hina 1200 kílómetra löngu ferð yfir hájökulinn til norðvesturstrandar Grænlands.

Leitast verður við að svara spurningum eins og þessum: Hvernig gekk að hrista saman þá ólíku menn að stétt og uppruna sem áttu í vændum að dvelja langtímum saman í einangrun, myrkri og fimbulkulda? Hvernig reyndust íslensku hestarnir? Af hverju ákvað Koch að nota frekar hesta en sleðahunda? Hvernig



Mynd 1 Kort Kochs af ferðinni um þvert Ísland, sem birtist með grein hans í danska landfræðiritinu *Geografisk Tidsskrift* haustið 1912.


reyndist búnaðurinn sem þeir prófuðu? Hefði mátt hafa fleira í huga við undirbúning Grænlandsferðarinnar? Hafði Vatnajökulsferðin eitthvert vísindalegt gildi? Og hvað bar helst fyrir augu Alfreds Wegeners á slóðum þar sem menn vita nú að skilin liggja milli tveggja heimsálfa?

J. P. Koch fjallaði ekkert um Vatnajökulsferðina í bók sinni *Gennem den hvide Orken* (Koch 1913). Hann birti hins vegar grein í *Geografisk Tidsskrift* haustið 1912, þar sem hann rakti ferðasöguna. Vigfús segir hins vegar nokkuð nákvæmlega frá ferðinni í sinni bók, *Um þvert Grænland*, sem út kom árið 1948² og ítarleg frásögn hans af bæði Vatnajökuls- og Grænlandsferðinni birtist í dagblaðinu *Vísir* fljótlega eftir komu hans til Íslands í nóvember 1913.

Þetta eru þær heimildir sem hingað til hafa legið fyrir útgefnar (auk nokkurra blaðafréttar sem birtust í íslenskum blöðum sumarið 1912). Vigfús var ekki byrjaður að halda dagbók þegar þeir fóru í Vatnajökulsleiðangurinn. Það gerði Koch aftur á móti og mynda dagbókarfærslur hans (mynd 2) grundvöll þessarar greinar.³

Árið 1961 kom út stytt útgáfa af dagbók Wegeners úr Grænlandsferðinni 1912–1913 undir heitinu *Tagebuch eines Abenteuers – Mit Pferdeschlitten quer durch Grönland*. Þar er ekkert minnst á ferðina yfir Ódáðahraun og Vatnajökul. Aðgangur fékkst hins vegar nýverið þeim hluta dagbókar Wegeners sem gerist á Íslandi.⁴ Wegener hefur greinilega ekki fært í dagbók sína jafnharðan heldur eftir á, hugsanlega á leiðinni til Grænlands.

Greinin er því byggð á frásögnum þeirra Kochs, Vigfúsar og Wegeners. Eðli málsins



Mynd 2 Blaðsíða úr dagbók Kochs 14. júní 1912.

samkvæmt hafa dagbókarfærslur Kochs mest vægi. En þótt Vigfús og Wegener skrifi frásagnir sínar eftir minni leiðir samanburður í ljós að þeim ber öllum í aðalatriðum saman. Nokkur áherslumunur kemur þó stundum fram og reynt verður eftir föngum að leiða þessi mismunandi sjónarhorn fram.

Að síðustu er vert að nefna að með greininni birtast merkilegar ljósmyndir sem segja sína sögu. Í fyrsta lagi er mynd sem Hallgrímur Einarsson ljósmyndari á Akureyri tók (mynd 3), sennilega daginn sem erlendu vísindamennirnir komu til landsins.⁵ Er áhugavert að bera erfðismanninn Vigfús saman við heimsmennina þrjá. Í öðru lagi

² Fjallkonuútgáfan gaf út upphafshluta þessarar bókar (48 bls.) árið 1916.

³ Danski sagnfræðingurinn Jan Kongstad veitti höfundi aðgang að skönnuðum myndum af frumriti dagbóka Kochs, sem og tölvuskráðu afriti.

⁴ Dr. Reinhard Krause vísindasagnfræðingur hjá Alfred-Wegener-Institut für Polar- und Meeresforschung í Bremerhaven í Þýskalandi var svo vinsamlegur að senda höfundi vérlitað afrit (alls 9 bls.).

⁵ Myndin er birt með leyfi Harðar Geirssonar, safnvarðar ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri.

myndir sem þeir Koch og Wegener tóku í ferðinni. Þetta er í fyrsta skipti sem þessar myndir birtast hér á landi og skal fullyrt að hér er um ómetanlega menningarsögulega heimild að ræða.⁶

UNDIRBÚNINGURINN, KAUP Á HESTUM OG KRAFTFÓÐUR

Þegar Vigfús Sigurðsson, 37 ára póstur og ábúandi að Brekku á Álftanesi, frétti fyrst af fyrirhuguðum Grænlandsleiðangri Kochs hefur hann vart grunað að hann yrði

með í þessari för. Koch hafði í febrúarlök leitað eftir þátttöku fyrrum fylgdarmanns síns úr landmælingaferðunum, Sigurðar Símonarsonar,⁷ og beðið hann að útvega hesta (Guðbjörg Tómasdóttir, einkasafn [GT], Koch til S. Símonarsonar 3. mars 1912). Sigurður hafði hins vegar færst undan og borið við heimilisástæðum. Úr varð að hann tók að sér að lýsa eftir þátttakanda í íslensku blöðunum (*Ísafold* 9. mars; *Lögretta* 13. mars 1912). Hin fyrirhugaða Grænlandsferð hafði greinilega vakið áhuga margra því



Mynd 3 Væntanlegir Grænlandsfarar. Standandi frá vinstri: Vigfús Sigurðsson og Alfred Wegener. Sitjandi frá vinstri: J. P. Koch leiðangursstjóri og Andreas Lundager.

⁶ Bent Nielsen forstöðumaður Arktisk Institut í Kaupmannahöfn veitti góðfúslegt (og jafnframt skilyrt) leyfi sitt fyrir því að myndirnar birtust með þessari grein.

⁷ Hvorki Koch né Ágúst Böðvarsson nefna Sigurð Símonarson í frásögnum sínum af landmælingum Dana í Skaftafellssýslum. Sigurður er hins vegar sá sem segir frá afrekum Kochs í umfjöllun *Fjallkonunnar* 16. apríl 1904. Hans er líka að góðu getið í grein Flosa Björnssonar á Kvískerjum um landmælingar í Örafum 1902 og 1904 (Flosi Björnsson 1998).

að Vigfús var valinn úr hópi 20 umsækjenda⁸ (Institúttur fyrir Geografi og Geologi [IGG] 1912, 35).

Hann hafði ekki langan tíma til að taka ákvörðun og búa sig til ferðar. Þann 29. mars kvaddi hann Brekku og flutti fjölskylduna⁹ til Reykjavíkur. Þaðan lagði hann af stað 31. mars til Borgarness með gufubátinum Ingólfur og hélt síðan fótgangandi til Akureyrar. Þangað kom hann 7. apríl (Vigfús Sigurdsson 1948, 7).

Strax og Vigfús kom til Akureyrar hóf hann að framfylgja tilmælum Kochs (GT, Koch til Vigfúsar 22. mars 1912) sem hafði sent honum 4000 krónur til að kaupa 15 hesta, 15 klyfsöðla, 4 reiðhnakka, 10 tonn af töðu og ullarfatnað handa leiðangursmönnum (20 pör sokka, 12 pör vettlinga, 4 peysur) og 12 pör af íslenskum skóm. Hestarnir urðu á endanum 16. Þá átti Vigfús að finna fylgdarmann sem kunnugur væri Sprengisandsleið og leggja enn fremur grunn að því að leigja 5–10 hesta til að hafa með í Vatnajökulsferðina (GT, Koch til Vigfúsar 10. maí 1912). Þeir urðu ellefu.

Vigfús keypti hestana af bændum hér og þar í Eyjafirði og greiddi fyrir þá alls 2500 krónur. Þótti Koch það fulldýrt og áréttaði að þeir yrðu þá að vera góðir: „men gode skal de være“ (GT, Koch til Vigfúsar 27. apríl 1912). Þann klárinn sem best átti eftir að reynast¹⁰ keypti hann af Sigurði Sumarliðasyni í Bitrugerði í Eyjafirði. Sigurður hafði búið um árabíl í Vesturheimi og eftir heimkomuna gerst leiðsögumaður ferðamanna um óbyggðir Íslands. Því lá beint við að Vigfús mælti með honum sem fylgdarmanni að Vatnajökli.

Koch hafði sent á undan sér tvö tonn af kraftfóðri, gerðu úr maísmjöli, baunamjöli, sykurfærmjöli og tólg, sem hann hafði látið þróa sérstaklega handa hestunum í þeim tilgangi að létta farangurinn er flytja skyldi á Grænlandsjökul. Átti Vigfús strax og hann hafði keypt hestana að byrja að venja hrossin á þetta fóður (GT, Koch til Vigfúsar 11. apríl 1912). Síðustu dagana fyrir komu þeirra Kochs naut Vigfús aðstoðar Sigurðar Símonarsonar sem kominn var norður að ósk Kochs til að fara með þeim yfir Vatnajökul.

Miðvikudaginn 12. júní kom póstskipið Flóra með erlendu vísindamennina til Akureyrar eftir vikusiglingu frá Björgvin, þremur dögum á eftir áætlun. Koma þeirra félaga vakti litla athygli bæjarbúa. Enginn vissi minnstu deili á þýska vísindamanninum, dr. Alfred Wegener, síst af öllu að hann hefði í byrjun ársins sett fram umdeilda vísindakenningu um rek meginlanda.

Allir þrír höfðu tekið þátt í áður nefndum Danmarksleiðangri. Þar hafði hugmyndin að leiðangri inn á Land Lovísu drottningar kviknað. Koch og Lundager voru báðir Jótar og nokkurn veginn jafnaldra, rúmlega fertugir. Wegener var áratug yngri. Koch var nú í þann veginn að leggja upp í sinn þriðja Grænlandsleiðangur. Lundager var sjálfmenntaður grasafræðingur og kennari. Wegener gegndi á þessum tíma stöðu „Privatdozents“¹¹ við Háskólann í Marburg.

Þeir þremmenningar byrjuðu á því að heilsa upp á helstu stórmenni bæjarins, sýslumanninn og vígslubiskupinn. Að því búnu tóku þeir að búa sig undir Vatnajökulsferðina. Daginn eftir heimsótti

⁸ Það hefur að líkindum ráðið úrslitum að hann var lærður trésmiður, hafði á unglingsárum verið vinnupiltur í Möðrudal á Fjöllum og síðast en ekki síst verið póstur í nokkur ár á leiðinni milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða á Fjöllum.

⁹ Forstöðunefnd leiðangursins greiddi eiginkonu Vigfúsar 70 krónur á mánuði meðan hann var í ferðinni (GT, En avregning for Hr. Vigfus Sigurdsson 18. október 1912).

¹⁰ Kári (Gráni) frá Bitrugerði komst alla leið að vesturrönd Grænlandsjökuls.

¹¹ Þessi staða þýddi í raun að hann varð að fjármagna kennslu sína og rannsóknarstörf sjálfur.

Koch etatsráð Jakob Valdemar Havsteen, kaupmann og konsúl, sem bauðst til að ferja farangur þeirra félaga yfir fjörðinn að Veigastaðabás. Síðar um daginn réð Koch Sigurð Sumarliðason sem leiðsögumann að ráði Vigfúsar.

FRÁ AKUREYRI Í SVARTÁRKOT

Klukkan hálfnúu föstudaginn 14. júní var allur farangur kominn í bátinn sem skyldi ferja hann yfir að Veigastöðum. Þarna voru m.a. sex norskir svefnpokar með innra byrði úr hreindýrafeldi, föt og skófatnaður sem nota skyldi í Grænlandsleiðangrinum og kraftfóður handa hestunum. Vigfús hafði hins vegar samið við Þórð bónda Flóventsson í Svartárkoti um kaup á heyi til fararinnar.

Skömmu fyrir brottför rann upp sársaukafull stund fyrir Vigfús. Guðbjörg kona hans¹² og Tómas, sex ára sonur þeirra, voru komin norður til að kveðja (IGG 14. júní 1912, 61). Aðstæður leyfðu þeim ekki að dvelja á Akureyri þangað til þeir kæmu aftur úr ferðinni.

Þeir Wegener og Lundager höfðu hvor-ugur reynslu af hestaferðum og fengu reiðskjóta í samræmi við það. Wegener fékk „den gelben“ (þann gula), stóran og sterkan hest sem var bæði staður og gjarn á að snúa aftur heim. Hann fékk því fljótlega meðfærulegri hest.

Koch var ekki skemmt þegar Sigurður Sumarliðason birtist góðglaður („stark angeheitert“ – Alfred-Wegener-Institut [AWI] 1912, 168) ásamt vini sínum sem hann vildi smygla inn í hópinn, það þrátt fyrir að Koch hefði áður gert honum ljóst

að hann hefði enga þörf fyrir aukamann.

Þeir lögðu samt af stað og ráku burðar-klárana lausa á undan sér inn Eyjafjörð. Að sögn Wegeners sagði Koch ekki aukatekið orð fyrir en þeir voru komnir inn að Gili, búið að ferja mennina og láta hrossin synda yfir Eyjafjarðará í rosavexti. Þá sagði hann Sigurði svo rækilega til syndanna að unun var á að hlýða („dass es eine wahre Freude war“) samkvæmt Wegener. Sjálfur segir Koch:

Jeg gav Sigurdur Sumarleidarson [svo] en eftertrykkelig Overhaling i den Anledning, gjorde han opmærksom paa, at hans Opgave var at føre os til Vatnajøkel, men ikke at blokke os for saa mange Penge som muligt og sluttede med at sige, at han kunde tage sine 10 heste [svo] og vende om med det samme. Jeg skulde nok komme til Vatnajøkul uden hans Hjælp. Da han ønskede at blive, sagde jeg, at det kunde han ogsaa; men skete det én Gang til, at han prøvede paa at blokke mig for Penge, saa vilde jeg ubarmhertigt jage ham Hjem. (IGG, 14. júní 1912, 61–62).¹³

Var nú að mestu runnið af Sigurði. Vinurinn sneri heim. Síðan var haldið að Veigastöðum og þótti þeim Wegener og Lundager nóg um hversu hratt var ridið.

Er þeir höfðu hlaðið klyfjum á hestana var lagt á Vaðlaheidi. Um kvöldið var tekinn náttstaður við austurenda Ljósavatns. „Jeg sov skidt om Natten. Jeg begynder at blive gammel“, skrifaði Koch í dagbók sína daginn eftir. Menn voru sammála um að norsku svefnpokarnir væru of heitir til sumarnotkunar á Íslandi og ekki bætti úr skák að þeir voru gráir af hreindýrahárum er þeir skriðu fram úr um morguninn (*Vísir* 19.

¹² Hún ól stúlkubarn rúmum mánuði síðar.

¹³ Í íslenskrí þýðingu: „Ég talaði því rækilega yfir hausamótunum á Sigurði Sumarliðasyni, gerði honum grein fyrir því að verkefni hans væri að fylgja okkur að Vatnajökli, ekki að hafa af okkur eins mikið fé og hann gæti og endaði á því að segja að hann gæti tekið þessa 10 hesta sína og komið sér tafarlaust burt. Ég gæti sko alveg komist að Vatnajökli án hans hjálpar. Þegar hann bað um að fá að vera áfram, sagði ég að hann mætti það svo sem; en ef hann reyndi einu sinni enn að hafa af mér fé, myndi ég tafarlaust reka hann heim.“



Mynd 4 Áð í Fnjóskadal. Nýja ‚prímusvélín‘ og önnur mataráhöld notuð í fyrsta sinn.

nóvember 1913). Sama blíðan ríkti sem fyrr og miklar mannaferðir voru í námunda við Ljósavatn, því Þingeyingar hugðust halda þar sumarblót.

Þeir riðu yfir Skjálfandafjót á brúnni hjá Godafossi og síðan fram Bárðardal með ánni austanverðri. Ætlunin var að tjalda við Lundarbrekku en þar reyndist enginn heima nema kona ein sem ekki þorði að heimila þeim hagabeit fyrir hestana. Koch ákvað því að halda ferðinni áfram í Svartárkot. Þangað voru þeir komnir um miðnætti. Þórður bóndi var ásamt flestu heimilisfólki á blótinu við Ljósavatn en húsfreyja var heima og taldi sjálfsgagt að leyfa þeim hagagöngu. Lét hún yngri son sinn vaka yfir hestunum sem voru venju fremur órólegir sökum mývargs. Og fleirum þótti greinilega meira en nóg um:

Meine Haupterinnerung ist: Fliegen. Die Luft war so erfüllt mit diesen kleinen Fliegen, dass man trotz aller Vorsicht nicht verhindern

konnte, dass sie in ihrem blinden Eifer in Augen, Nase und Ohren hineinjagten. War man so unforsichtig, einmal den Mund zu öffnen, so pflegte eifriges Spucken darauf zu folgen. (AWI 1912, 168).¹⁴

Þeir héldu kyrru fyrir daginn eftir. Bóndi var enn að blóti en húsfreyja féllst á að selja þeim 600 kíló af heyi til ferðarinnar. Á meðan Íslendingarnir bundu heyið í bagga röltu erlendu vísindamennirnir um hraunið út að bökkum Svartárvatns. Rákust þeir á setlög, furðumikil að þeim fannst, allt að 5 metra þykk með miklu magni plöntuleifa og dýraúrgangs (IGG 16. júní 1912, 65).

Fleira bar við. Öldungurinn Jón Þorkelsson á Jarlsstöðum í Bárðardal, sem verið hafði „með þeim fræga prófessor Thoroddsen“ („mit dem berühmten Professor Thoroddsen“), var mættur og taldi sig „ómissandi“ („unentbehrlich“) í ferðina (AWI 1912, 168–169). Koch,

¹⁴ „Flugurnar eru mér eftirminnilegastar. Það var svo krökkt af þessum örsmáu flugum að jafnvel þótt maður gætti eins vel að sér og hægt var þá varð ekki komið í veg fyrir að þessi iðandi mökkur fyllti öll vit. Yrði manni óvart á að opna munninn þá fylgdu ákafar hrákasþýjur í kjölfarið.“

sem nú vildi síður vita af Sigurði einum á bakaleiðinni, var sama sinnis (IGG, 16. júní 1912, 64). Eftir nokkurt þjark um hvaða leið skyldi farin sættist Jón á að fara þá sem Koch vildi. Að sögn Wegeners fékk Jón 35 krónur í þóknun.¹⁵

ÓDÁÐAHRAUN, ASKJA, HVANNALINDIR

Þeir hófu ferðina að nýju snemma morguns 17. júní. Rúmlega hálf tonn af heyi hafði bæst við farangurinn. Norðangola var og steikjandi hiti. Fór Jón fyrir hópnum og kvað vísur, sumar blautlegar. Wegener botnaði edlilega lítið í kveðskapnum en varð samt starsýnt á Jón. Það sá vart í hann fyrir flugnageri:

Wieder grosse Fliegenplage. Der steife Hut, den der alte Jon uns zu Ehren aufgesetzt hatte, war so dicht mit ihnen bedeckt, dass er nicht mehr zu sehen war (AWI 1912, 169).¹⁶

Lá leiðin í Suðurárbotna þar sem síðasta graslendið var að finna og þaðan um Ódádahraun allt til Dyngjufjalla. Var land að mestu gróðursnautt ef frá eru taldar ýmsar fléttur, mosi og kyrkingslegir víðirunnar.

Í huga Vigfúsar er þetta nánast hversdagsviðburður. Áhyggjur hans eru helst bundnar við hestana. Koch veltir fyrir sér víðáttunum og þeim hættum sem kunna að fylgja misjöfnum veðrum. Hann virðir líka fyrir sér hrjóstrugt landslagið og þann litla

gróður sem þarna er að finna og dáist að seiglu hans:

Jo længere vi kom frem, des mere trist og truende mørkt blev Billedet. Pladelavaens let krusede Kupler maatte vige for stenede Marker eller sort Sand, der hist og her var føjet sammen til Klit. Vegetationen blev yderst sparsom, men ophørte dog ikke helt. Gæslingeblomst og Gaasemad blinkede hvidt i den sorte Grund; Hindebæger nikkede venligt med den blegrøde Blomsterstand; den kortstilkede Silene dannede pragtfulde smaa violette Blomsterkurve; en enlig Busk af Marchalm strakte sine gule, kornlignende Aks lige i Vejret, som raabte den om Hjælp for at bekæmpe det urolige Sand; dens spinkle, gule Rødder strakte sig vandret ud over Sandet og omspændte flere Kvadratmeter med et Net, fint som Nerverne i et Blad. Og Hjælp det fik den fra en Kant, som i det mindste ikke jeg havde ventet — fra Pilen (Koch 1912, 258).¹⁷

Wegener er hins vegar með allan hugann við rykstróka („Staubtromben“), 10–20 metra í þvermál og jafnvel meira en 100 metra háa, stundum 20–30 í einu (AWI 1912, 169). Hann skýrir þessi fyrirbæri út frá miklum lofthita sem myndast af völdum svarts yfirborðs hraunsins. Hvorki Vigfús né Koch sjá ástæðu til að nefna þessa stróka.

Við Öskju tjölduðu þeir við lítinn læk. Voru hestarnir svo órólegir um nóttina að vaka varð yfir þeim. Vakti hver maður eina klukkustund í senn. Allir nema aldurs-

¹⁵ Erfitt er að meta hversu rífligt þetta var. Ekki er vitað um kaup Sigurðar Sumarliðasonar. Ef haft er í huga að Jón lagði hvorki til hross né fæði og að eiginkonu Vigfúsar var ætlað að framfleyta sér og fjórum börnum á 70 krónum á mánuði þá telst þetta líklega nokkuð gott.

¹⁶ „Enn þessi mikla flugnabláa. Sparihatturinn sem Jón gamli hafði sett upp okkur til heiðurs var svo þétt þakinn flugum að það sást ekki lengur í hann.“

¹⁷ „Því lengra sem við héldum því nóturlegri og dekkri varð myndin sem við okkur blasti. Gáraðar bungur helluhraunsins viku fyrir melum eða svörtum sandi sem hér og þar myndaði lága hóla. Gróður var af afar skornum skammti en hvarf þó aldrei með öllu, Hvítar vorperlur og melablóm glitruðu í svörtum jarðveginum. Geldingahnaappar kinkuðu vinalega bleikraudum kollum sínum sem stóðu á stuttum stilkum og mynduðu hinar fegurstu körfur. Einmana melgresi teygði gul öx sín beint upp í loftið, eins og í hrópandi bæn um hjálp við að sigrast á hvikulum sandinum; gular og brothættar rætur þess breiddu úr sér á sandinum og riðu margra fermetra net, hárfint eins og æðar í laufblaði. Og hjálpin barst úr óvæntri átt – frá grávíðinum.“

forsetinn Jón Þorkelsson og Koch. Sigurður Símonarson ákvað að vaka líka fyrir Koch.

Það er við þessa ‚kastarholu‘ Öskju, eins og hann kallar hana, sem Wegener veltir aðeins fyrir sér íslenskri jarðsögu:

Schliesslich kamen wir auf die Ostseite von Askja und hier wurde es besser, da hier die Lava mit einer dicker werdenden Schicht mehligem Bimssteins bedeckt war, der unter den Pfedenhufen zerbröckelte und also weich war. Schliesslich verschwand die Lava ganz unter ihm. Diese Ausbruchsprодукte des Askja machen einen gewaltigen Eindruck. Man betrachtet sie als postglazial, weil die Lava um die glazialen Moränenhügel sorgfältig herumgeflossen ist. Vermutlich sind es diese gewaltigen Lavadecken, (auf Thordsens [svo] Karte dunkelgrün gehalten) welche die Senkung im Innern des Landes verursachen und so in den Fjorden der Ost- und Nordküste die einst horizontalen Basaltschichten mit etwa 2 Grad neigen. (AWI 1912, 170).¹⁸

Koch og Wegener hafa ekki einasta jarðfræðikort Þorvalds Thoroddsens meðferðis heldur er Wegener vel að sér í fræðum Þorvalds og jafnvel dr. Helga Pjeturss. Sú skýring hans að hið ‚gríðarlega farg‘ á miðhálandi Íslands vegna hrauns og annarra gosefna úr Öskju séu helsta ástæða þess að jarðlögum á austanverðu landinu hallar inn til landsins sver sig í ætt við það sem þessir menn höfðu haldið fram.

Ekki er annað að sjá en Wegener sé með á nótunum um jarðfræði svæðisins og hæpið að ætla annað en að maður sem

áttar sig á landsigi af völdum eldgosa taki líka eftir „sprungum, gjám og eldhryggjum“ (sbr. Sigurður Steinþórsson 1990, 12). Ekki síst þegar haft er í huga að með í för eru menn eins og hinn gamli fylgdarmaður próf. Johnstrups og Þorvalds Thoroddsens, Jón Þorkelsson sem fyrstur manna kom að Dyngjufjallagosinu 1875 (*Norðlingur* 18. febrúar 1876) og landmælingamaðurinn J. P. Koch sem var mjög vel að sér í landfræði Íslands.

Það sem ber fyrir augu Wegeners þarna við Öskju fellur í rauninni mjög vel að þeim hugmyndum sem hann hafði sett fram í fyrirlestrum sínum í upphafi þessa árs og voru um margt nútímalegri (meira í ætt við flekakeninguna) en þær er síðar birtust í bók hans *Die Entstehung der Kontinente und Ozeane (Um uppruna meginlanda og heimsbafa)* árið 1915 (Árni Hjartarson 2012). Samkvæmt þeim gerði hann ráð fyrir að meginlöndin hefðu upphaflega tengst saman á Miðatlantshafshryggnum og að þar ætti gliðnunin sér stað og hún væri jafnt og þétt að skapa rými fyrir nýtt hálfbráðið og heitt *sim*a-efni¹⁹ úr djúpunum (Wegener 1912, 305–306).

Það er bara eitt í veginum. Á þessum tíma er það almenn skoðun jarðvísindamanna að Ísland tilheyri ekki Atlantshafshryggnum, heldur hafi það upphaflega tengst Skotlandi með landbrú.²⁰ Þetta byrgir Wegener sýn.

Þeir lögðu af stað frá Öskju snemma næsta morgun. Það kom þeim Koch og Wegener á óvart að Dyngjuvatn reyndist

¹⁸ „Loksins þegar við vorum komnir að austanverðri Öskju varð allt þægilegra; hraunið hér var þakið þykku, fínkornóttu vikurlagi sem molnaði enn frekar undir hófum hestanna og var að auki mjög mjúkt. Þessi gosefni úr Öskju valda gríðarmiklu fargi. Líklega eru þau frá því eftir ísöld þar eð hraunið (höfð dókkgræn á korti Thoroddsens) hefur greinilega runnið kringum jökulurðarhólana. Sennilega eru það þessi feiknarlegu hraunlög sem valda sigi inn til landsins og jafnframt því að basaltlögin í fjöllum við norður- og austurströndina, sem fyrrum voru lárétt, halla nú um 2 gráður.“

¹⁹ Blágrýtistegundir sem Wegener kallaði *sim*a að hætti þeirra tíma jarðvísinda, vegna þess að aðalefni þeirra eru kísill (silícium) og magnesín (Þorkell Þorkelsson 1923, 85).

²⁰ Þorkell Þorkelsson veðurstofustjóri er þó ótrúlega nálægt því að átta sig þegar hann segir: „Yfirleitt útskýrist hæglega hið mikla eldfjallabelti yfir þvert Ísland frá suðvestri til norðausturs, ef kenning Wegeners er lögð til grundvallar“ (sjá nánar Þorkell Þorkelsson 1923, 95).

miklu minna en sýnt var á korti Þorvalds Thoroddsens (AWI 1912, 170, IGG 18. júní 1912, 68). Þeir þræddu fyrir Svartá við upptök hennar þar sem hún kom undan háum þverhniptum sandbökkum, vatnsmikil en lygn. Þeir höfðu kviðið fyrir Jökulsá en þegar þeir komu þangað var hún þurr að kalla, varla hægt að kalla hana á: „Jökulsá slap við næsten alt for let over; der var næppe en Gang en Elv,“ skrifaði Koch í dagbók sína um kvöldið (mynd 5). Jón gamli Þorkelsson taldi þetta ekki vita á gott. Hann óttaðist að áin hefði stíflast uppi við jökulinn og því mætti búast við hlaupi. Wegener taldi að vatnsleysið mætti frekar rekja til lágs hitastigs og lítillar bráðunar (AWI 1912, 171).

Þeir riðu nú til Kverkhjúkarana og síðan í Hvannalindir. Þar mætti þeim hvannstóð mikið og flokkar af grágæsnum. Vísindamennirnir gengu úr skugga um að þörungagróður væri að finna í vatninu sem tryggði gæsunum drjúga fæðu. Fyrir utan hvannarót og njóla mátti sem fyrr sjá geldingahnapp, melablóm, vorperlur og svo steinbrjóta.

Þeir tjölduðu á einum lindarbakkanum, heftu hestana og létu þá svo eiga sig því hér

var nægur hagi og lítil hætta á stroki. Jóni Þorkelssyni og Sigurði Sumarliðasyni var ekki rótt, vildu helst komast af stað heim áður en Jökulsá hlypi. Þeir féllust þó á að hvíla sig og hestana það sem eftir lifði dags. Um kvöldið gengu menn yfir Kreppuhrygg þangað sem þeir höfðu gott útsýni yfir Kreppu. Sýndist Vigfúsi hún vera heldur illúðleg þar sem hún rann á eyrunum milli Kverkfjalla og Brúarjökuls en þeir Jón og Sigurður sögðu vera það á henni austan undir hryggnum.

Um miðnættið sneru Sigurður Sumarliðason og Jón Þorkelsson aftur til byggða með leiguhestana ellefu og tvo hesta leiðangursins. Þetta reyndist síðasta óbyggðaferð Jóns því hann varð bráðkvaddur innan við ári síðar, á sjötugasta og öðru aldursári (*Ingólfur* 15. apríl 1913). Sigurður átti hins vegar langa ævi framundan. Hann lést sumarið 1958, 95 ára að aldri (*Íslendingur* 29. ágúst 1958). Báðir eiga þeir sér minnisvarða á hálendinu, í örnefnunum Sigurðarskarð (Erkes 1926, 2) og Jónsskarð (Björn Björnsson 1876, 111).

Þeir sváfu venju fremur vel þessa nótt. Veðurbliðan hélst áfram og þeir gáfu sér góðan tíma til að gera klárt fyrir ferðina á jökulinn. Klukkan var nærri fjögur þegar



Mynd 5 Koch ríður yfir Jökulsá. Hann varð fyrir vonbrigðum yfir því hvað hún var vatnslítill.

þeir lögðu loksins af stað, fimm karlar með fimm hesta til reiðar, níu burðarklára og vistir sem áttu að duga í átta daga.

FERÐIN YFIR VATNAJÖKUL

Þetta var engin hversdagsferð. Aðeins tvisvar sinnum áður höfðu menn, svo staðfest væri, farið yfir Vatnajökul en aldrei á hestum fyrr. Englendingurinn William Lord Watts hafði farið yfir jökulinn á tólf dögum ásamt fimm íslenskum fylgdarmönnum árið 1875 (Watts 1876). Árið 1904 höfðu svo tveir Skotar, L.S. Muir og J.H. Wigner, gengið á skíðum yfir jökulinn á 22 dögum (Bruun 1913, 4). Þorvaldur Thoroddsen hafði rannsakað norðurjaðar Vatnajökuls, Daniel Bruun reyndar líka (Bruun 1901, 155–173) og Koch hafði verið við mælingar á sunnanverðum jöklinum.

Kreppa reyndist ófær þar sem vaðið átti að vera. Fóru þeir því upp með ánni allt til að hún rann í tveimur kvíslum sem þeir komust vandræðalaust yfir. Eftir því sem þeir nálgudust jökulinn kólnaði í veðri. Undir kvöld komu þeir að melkambi sem þeir þurftu að þræða til að komast upp að rönd Brúarjökuls. Eins og Koch hafði búist við var svo mikil aurbleyta nærri jöklinum að hestarnir sukku í kvið. Varð að hafa þann hátt á að þeir Koch og Sigurður fóru í klofstígúvél og tróðu slóð upp kambinn. Síðan voru hestarnir teymdir, einn í einu, upp á ísinn.

Seint um kvöldið hófst sjálf jökulgangan og vegna þess að enginn kompás var með í för notuðu þeir Herðubreið sem viðmið (*Vísir* 23. nóvember 1913, 2). Koch gaf sér tíma að virða fyrir sér það sem fyrir augun bar eftir að þeir voru komnir inn fyrir jökulröndina. Merkilegast fannst honum að sjá svokallaða jökulurðarhauga (moræneknolde) og ísdrýli (støvkegler)²¹ eina fimm

til tíu kílómetra inn á jökulinn sjálfan (IGG 19. júní 1912, 72; mynd 6).

Ekki voru allir erfiðleikar úr sögunni. Þótt sólin bræddi ekki lengur ísinn var efsta skurnin ekki þykkari en svo að hestarnir stigu niður úr henni og sukku upp að hnjám. Fór Koch fyrir hópnum og teymdi hest sinn en hinir komu ríðandi á eftir. Hinir fóru þó fljótlega að ráði hans til að létta reiðhestana. Það nægði til að ísskurnin hélt á köflum. Koch gat ekki annað en dáðst að því hversu næmir hestarnir voru á að fylgja slóðinni sem fremstu hestarnir höfðu troðið. Ekki varð þó hjá því komist að hrönglið særði nokkra hestanna til blóðs.

Þeir héldu eina 15 kílómetra inn á jökulinn en tjölduðu klukkan tvö um nóttina. Frostið var þá 3–4 gráður á Celsius. Settu þeir ábreiður á hestana til að verja þá kulda og bundu saman tvo og tvo. Klukkan var orðin fjögur að morgni þegar þeir loksins tóku á sig náðir.

Þeir voru komnir á stjá klukkan ellefu fyrir hádegi þennan sama dag, 20. júní, afmælisdag Marie, eiginkonu Kochs. Hest-



Mynd 6 Wegener við jökulurðarhauga skammt frá Kreppu.

²¹ Íslensk þýðing á þessum fyrirbærum er fengin frá Árna Hjartarsyni jarðfræðingi (tölvupóstur 21. september 2012).

arnir höfðu verið stilltir um nóttina en ekki fengist til að leggjast á ísinn. Kenndi Koch því um að ábreiðurnar hefðu ekki passað nógu vel; þeir þyrftu að finna ráð til að geta hnýtt teppi undir þá líka. Þeir ákváðu að bíða þess fram eftir degi að sólin næði að bræða ísskurnina.

Það var farið að halla af degi þegar þeir komust af stað. Óðu hestarnir slóðina mun léttar en áður. Þeir félagar höfðu nú þróað með sér það skipulag á hestalestinni sem reyndist þeim best. Fór einn maður fyrir hópnum og teymdi reiðhest sinn (mynd 7). Í kjölfarið kom Wegener, léttasti reiðmaðurinn, með þrjá léttklyfjaða burðarhesta í taumi, síðan þyngri menn og þungklyfjaðri hestar. Lestina rak svo yfirleitt Lundager. Snjórinn var þungur og blautur og gátu þeir auðveldlega rekið stafina á kaf í snjóinn. Þetta reyndi mjög á forystumanninn og skiptust þeir því á að fara fyrir, hálf tíma í senn.

Koch varð hugsað til ferðar Watts yfir jökulinn fyrir tæpum 40 árum og taldi sig vera á sömu slóðum. Hann reyndi árangurslaust að koma auga á Pálsfjall og eldfjall það sem Watt hafði nefnt því

„ret idiotiske“ (IGG 20. júní 1912, 76) nafni Vatna Jökull „Housie“.²² Helst taldi hann koma til greina klettabungur langt í burtu sem minntu á hús þegar þær sáust í hillungum.

Þrúgurnar reyndust illa. Fleira en eitt kom til. Þeir höfðu ekki rétta skófatnaðinn, stígvélahælar þeirra slitu gjarna tágarnar og eyðilögðu þannig þrúgurnar.²³ Þeir kunnu ekki rétту göngutæknina og síðast en ekki síst var mikil hætta á að hesturinn fyrir aftan stigi á aðra hvora þrúguna og þurfti þá vart að spyrja að leikslokum; maðurinn stakkst á höfuðið nema hann væri því fimari. Sem ekki varð sagt um Lundager. Hann endastakkst nokkrum sinnum og nefbraut sig (IGG 20. júní 1912, 74).

Ferðin sóttist seint. Þegar skæni tók aftur að myndast á snjónum var mál að hætta. Þeir tjölduðu í 1500 metra hæð klukkan tíu um kvöldið. Frostið var fimm gráður og þeir komnir á hábungu jökulsins. Þeir gerðu sér dálítinn dagamun í tilefni afmælis dags Marie Koch og borðuðu sardínur.

Næsta morgun var niðarþoka – þeir átta-vitalausir og Herðubreið löglega afsökuð. Þegar þeir lögðu af stað um hádegi grúfði



Mynd 7 Hestalestin á leið yfir Vatnajökul.

²² Mun vera sama fjall og Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur kaus að kalla Þórðarhyrnu í höfuðið á Þórði Þorkelssyni Víðalín, einum fyrsta jöklarannsóknamanni Íslendinga (Árni Hjartarson, tölvupóstur 8. október 2012).

þokan enn yfir, snjórinn var lausari í sér og færðin þyngri. Hestarnir sukku í kvið en fetuðu sig þó hægt og bítandi áfram. Öðru hverju sá til sólar og gátu þeir þá leiðrétt kúrsinn.

Heldur tók að halla undan fæti er á leið en þokan varð bara svartari. Þeir áðu um stund (mynd 8), gáfu hestunum hey og elduðu sér mat. Þeir höfðu rétt lokið snæðingi þegar rofaði til í suðri og mátti þá sjá tvo svarta tinda upp úr jöklinum, ekki svo langt í burtu. Þekkti Koch þar samstundis Esjufjöll og Prestfjall.

Var stefnan nú tekin á Esjufjöll og miðaði þeim vel áfram þótt nokkrar jökulsprungur yrðu á vegi þeirra. Héldu þeir niður með Esjufjöllum austanverðum og tjölduðu síðla kvölds á urðarrana sem jökullinn hafði rutt á undan sér. Um nóttina flæktist einn hest-

anna í tjaldstögnum með þeim afleiðingum að rifa kom á tjaldið (AWI 1912, 172).

Næsta morgun tíndu Koch og Wegener nokkrar plöntur. Wegener náði að auki einu fiðrildi. Eftir hádegi héldu Koch, Wegener og Vigfús í könnunarleiðangur með einn burðarklár. Riðu þeir fyrst til Veðurárrandar, síðan að Prestfjalli og að síðustu til Eyjólfsfjalls (*Vísir* 25. nóvember 1913, 4). Veður var allgott í byrjun en orðið hið versta þegar þeir komu aftur að tjaldinu um miðnætti, gegnblautir og kaldir.

Sigurður kom út til hjálpar en Lundager lá áfram í poka sínum. Mjög var dregið af Wegener og lagðist hann strax fyrir. Á meðan Sigurður aðstoðaði Vigfús við að ganga frá hestum og farangri tók Koch að hafa til þemmikan²⁴ handa þeim ferðalöngum. Frétti hann þá að Sigurður og



Mynd 8 Áð á jöklinum og hugað að búnaði.

²² Mun vera sama fjall og Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur kaus að kalla Þórðarhyrnu í höfuðið á Þórði Þorkelssyni Vídalín, einum fyrsta jöklarannsóknamanni Íslendinga (*Árni Hjartarson*, tölvupóstur 8. október 2012).

²³ Þeir Koch og Wegener nefna báðir að þrúgurnar hafi reynst best þegar þeir Vigfús og Sigurður Símonarson gengu á þeim á íslenskum sauðskinnsskóm.

²⁴ Orðið kemur úr máli Cree-indjána í Norður-Ameríku og er notað um e.k. kjötkökur sem voru unnar úr kjöti, tólg og ýmsum berjategundum, upphaflega því sem nærtækast var hverju sinni, t.d. vísunda- eða elgskjöti, trönuberjum eða bláberjum. Loðskinnamenn í Kanada urðu líklega fyrstir Evrópumanna til að leggja sér þemmikan til munns. Vigfús kallar þetta ‚ketkæfu‘ í bók sinni *Um þvert Grænland*.

Lundager hefðu ekkert borðað um daginn. Koch var öllum lokið og ekki ólíklegt að hér hafi uppsafnaður pírtingur fengið útrás:

Her sad jeg altsaa vaad og forkommen, som jeg var, og lavede Mad til dem den dovne Slubbert, Lundager, der havde været hjemme men ikke en gang havde kunnet overkomme at stille Sagerne til Rette til os andre. Saasnart det gik op for mig, at Lundager havde regnet ud, at nu var der en Chance for at kunne faa Aftensmad paa Senge, blev jeg vred og kastede ham Øjeblikkelig ud for at lave Maden. Jeg sagde til han, at jeg fandt hans Adfærd i denne Sag ganske usømmelig, og jeg har vist næppe dermed brugt et for stærkt Udtryk (IGG 22. júní 1912, 85–86).²⁵

Um nóttina urðu þeir Koch og Sigurður að fara út til að strekkja stögin og Vigfús þurfti að styrkja tjaldstangirnar til að koma í veg fyrir að tjaldið legðist saman.

ÚR ESJUFJÖLLUM Í HVANNALINDIR

Morguninn eftir gekk á með norðaustan-hviðum og krapaslyddu. Þeir lögðu af stað um hádegisbil og höfðu þá farið í regnkápur utan yfir anorakkana. Að mörgu leyti gekk ferðin nú mun betur en áður. „Sá gull“, hinn upphaflegi reidhestur Wegeners, gekk nú laus á undan, klyfjaður tveimur heyböggum og því enn heimfúsari. Þeir fylgdu svo á eftir, hver á sínum hesti. Þetta losaði þá við tafir sem orðið höfðu þegar skipt var um forystumann.

Eftir sjö stunda ferð komu þeir á gamla tjaldstæðið á miðjum Vatnajökli. Þar áðu þeir og réðu ráðum sínum. Koch og Vigfús voru sammála um að viturlegast væri að halda förinni áfram (IGG 23. júní 1912,

88). Óvíst væri hversu lengi veður þetta stæði og taldi Vigfús þá ekki nógu birga af heyjum ef veðrið héldist lengi. Þeir hvíldu sig í tvær stundir, gáfu hestunum vel og átu sjálfir pemmikan.

Eftir miðnætti létti til, þókan hörfaði undan uns hún tók sér bólfestu í hlíðum Kverkfjalla og Snæfells. Nýfallinn snjórinn myndaði glitrandi hvíta breiðu á jökulbungunni. Yfir öllu hvíldi friðsæld og ró. Sólin kom upp og þegar Herðubreið skaut kalli sínum upp úr skýjunum tók Vigfús, sem leiddi hópinn, að raula fyrir munni sér „Eldgama Ísafold, ástkæra fósturmold, fjallkonan frið“ (Koch 1912, 262). Koch varð hugsað til munnmælasagna sem hann hafði heyrt í Austur-Skaftafellssýslu um ferðir manna til forna yfir jökulinn milli Öræfa og Möðrudals á Fjöllum. Fannst honum sem þeir hefðu nú rennt stöðum undir sannleiksgildi þessara sagna. Wegener þótti litadýrðin stórkostleg: „Himmel und Erde lagen in den prachtvollsten Farben vor uns,“ skrifaði Wegener (AWI 1912, 172).

Hestarnir sukku sem fyrir iðulega upp að kviði, ísskurnin særði þá og á nokkrum stöðum varð að krækja fyrir krapatjarnir sem höfðu myndast í gömlu slóðinni. Samt gekk þeim betur en á suðurleiðinni. Þeir komu niður af jöklinum við upptök Kreppu og höfðu þá verið 18 klukkustundir á leiðinni. Þarna tóku þeir sér stutta hvíld. Hestarnir gáfu sér ekki einu sinni tíma til að bragða á heynu heldur veltu sér umsvifalaust í heitum sandinum og böðuðu sig í sólinni. Eftir að hafa matast sváfu menn í þrjá tíma, sumir í tjaldinu, aðrir úti. Koch og Wegener fóru í stutta könnunarferð að jökulröndinni og virtu fyrir sér hvernig vatn og aur spruttu fram undan jöklinum.

²⁵ „Hér var ég semsé blautur og hrakinn að laga mat ofan í þá, þennan húðlata slubbert, Lundager, sem hafði legið heima og ekki einu sinni haft rænu á að hafa til mat handa okkur hinum er við kænum heim. Um leið og það rann upp fyrir mér að Lundager hafði reiknað það út að nú fengi hann kvöldverð í rúmið fauk svo í mig að ég kastaði honum umsvifalaust út og skipaði honum að laga mat. Ég lét hann vita með nokkrum vel völdum orðum að mér þætti framkoma hans til háborinnar skammar.“

Þeir komu í Hvannalindir um miðnætti 25. júní. Lundager hafði notað tækifærið og safnað nokkrum litlum krabbadýrum og svifi úr tjörnum sem urðu á vegi þeirra á leiðinni (IGG 24. júní 1912, 92–93). Þeir höfðu nánast farið yfir jökulinn í einum áfanga og voru sannarlega hvíldarþurfi. Koch segir í dagbók sinni að hann hafi sofð samfelt í níu tíma, vaknað og fengið sér morgunverð, sofð síðan aðra þrjá tíma. Hinir fóru svipað að. Þeir höfðu hægt um sig fram yfir miðnætti að þeir ákváðu í skyndi að halda til Kverkfjalla. Talsverður órói hafði verið í fjöllunum og rokið heilmikið upp úr þeim að vestanverðu. Koch datt í hug að gaman væri að ganga á Kverkfjöll.

KVERKFJÖLL OG DYNGJUFJÖLL

Þeir riðu upp fjöllin eins hátt og komist varð, í 1200 metra hæð. Þar tjölduðu þeir og gáfu hestunum. Lundager varð eftir meðan hinir gengu á hæsta tindinn. Veður var hið besta og því skildu þeir anorakkana eftir. Þar uppi beið þeirra ógleymanleg sjón, miklar brennisteinsnámur, sjóðandi hverir og laugar (mynd 9). Þykkur leirgrautur í öllum regnbogans litum sauð í gríðarstórum skessuköttlum. Sumsstaðar náðu hverirnir undir jökulinn og mynduðu mikla hella. Var gufan þar inni svo mikil að þeir sáu ekki handa sinna skil (Vigfús Sigurðsson 1948, 17).

Ekki fengu þeir notið útsýnisins af hæsta tindri Kverkfjalla því meðan á göngunni stóð skall á krapahrið og kalsi. Þeir voru því holdvotir og skjálfandi af kulda þegar þeir komu í tjaldið undir morgun. Koch var svo þreyttur og loppinn að hann hellti kaffinu sínu niður í pokann og datt samstundis út af (IGG 27. júní 1912, 100).²⁶



Mynd 9 Koch í Kverkfjöllum.

Úr Kverkfjöllum héldu þeir til Dyngju-fjalla. Þeir fóru yfir Jökulsá á sama stað og á suðurleiðinni og var áin jafn vatnslítill sem fyrr. Þeir leituðu uppgöngu í Dyngju-fjöllum sunnanverðum. Skýjað var niður fyrir miðjar hlíðar og urðu þeir að velja sér uppgöngustaðinn upp á von og óvon. Gekk þeim furðu vel ef haft er í huga að fjallshlíðarnar eru þaktar lausavikri svo að hestarnir runnu í hverju spori vel helming þess er þeim hafði miðað upp á við. Mátti litlu muna að slys yrði þegar „sá guli“ missti fótanna, valt niður og tók tvo hesta með sér í fallinu. Þeir Vigfús og Wegener náðu í snarheitum að leysa af þeim klyfjarnar og allt fór vel (AWI 1912, 173).

Þegar þeir komu upp á fjöllin varð þeim ljóst að þeir höfðu farið austan megin við allmikið hamragil sem lokaði þeim leiðina vestur með vatninu eins og þeir höfðu ætlað.

²⁶ Koch hélt því fram að þeir hefðu orðið fyrstir manna til að ganga á Kverkfjöll. Haustið 1912 birti þýski jarðfræðingurinn Max Trautz hins vegar blaðagrein þar sem hann áréttaði að hann hefði ásamt Tómasi Snorrasyni gengið fyrstur á Kverkfjöll 10. september 1910 (Trautz 5. október 1912, 239, sjá einnig *Gjallarborn* 22. september 1910, 29).

Þeir tjölduðu og þegar þokunni létti blasti við þeim ægifagurt útsýni: Blágrænt Öskjuvatn fyrir neðan, í austri Herðubreið, í suðri Vatnajökull og Kverkfjöll, síðan Kistufell, Hofsjökull og Tungnafellsjökull. Það var langt liðið nætur þegar þeir loksins sofnuðu. Þeir höfðu reikað um, tekið ljósmyndir og dáðst að hrikalegu landslaginu.

Morguninn eftir var aftur skollin á þoka svo að þeir urðu að fara að öllu með gát á niðurleiðinni. Síðan héldu þeir vestur með fjöllunum, þungfæra leið vegna lausavikurs. Þeir komu að suðvesturinnangi Öskju, skildu klyfjahestana eftir og riðu sjálfir að vatninu. Leiðin þaðan að suðausturhorni Öskjuvatns reyndist ófær fyrir hestana. Þeir komust því ekki að minnismerkinu um Þjóðverjana, Walter von Knebel jarðfræðing og Max Rudlow listmálara, sem drukknuðu í Öskjuvatni sumarið 1907. En tilhugsunin um örlög þeirra fyllti þá óhug.

Þeir skiptu nú liði. Vigfús, Koch og Wegener héldu í ljósmyndaleiðangur meðfram Öskjuvatni norðanverðu (mynd 10) en Þeir Lundager og Sigurður drógu fyrir með silkineti í vatninu án þess að verða

varir. Um hálfeyttleytið komu þeir aftur að klyfjahestunum sem höfðu beðið þeirra hinir rólegustu. Öskjuhraun reyndist illfært. Varð þeim til happs að þeir gátu þrætt sig eftir snjódrögum sem lágu í krókum um hraunið. Víða var snjórinn svo gljúpur að hestarnir lágu á kviði.

Þeir fóru um skarð sem þeir töldu vera Jónsskarð og niður á sanda framhjá móbergshól sem kallaður var „Lock“. Á lækjarbakka skammt frá var „stór hrúga af flöskum sem ferðamenn höfðu fleygt þar“ (Vigfús Sigurðsson 1948, 19). Þaðan lá leiðin eftir löngum sanddal. Nyrst í dalnum tóku þeir sér góða hvíld og gáfu hestunum síðasta heyið. Eftir það riðu þeir sömu leið um Ódádahraun og þeir höfðu komið. Klukkan eitt um nóttina tjölduðu þeir í Suðurárbotnum. Þar var nægur hagi og því kærkomin viðbrigði fyrir hestana eftir langa ferð um gróðursnaud öræfi.

KOMIÐ TIL BYGGÐA

Þeir höfðu stutta viðkomu í Svartárkoti daginn eftir. Húsfreyja tók sem fyrr hið besta á móti þeim. Áfram var haldið að



Mynd 10 Vigfús á Kára með Wegener-Rauð í taumi við Öskjuvatn.

Jarlstöðum þar sem þeir áttu inni heimboð hjá Jóni Þorkelssyni. Jón tók höfðinglega á móti þeim, spurði margs og þótti vel hafa tekist til. Þeim Sigurði Sumarliðasyni hafði líka gengið vel, höfðu farið á 32 tímum úr Hvannalindum í Svartárkot.

Næsti áfangastaður var prestssetrið að Hálsi í Fnjóskadal. Á leiðinni gáfu þeir sér tíma til að skoða Godafoss og tók Koch fjölda mynda af fossinum. Presturinn séra Ásmundur Gíslason tók hið besta á móti þeim. Hann var rétt kominn frá messu á Draflastöðum og í þann veginn að gefa saman hjón í kirkjunni á Hálsi.

Meðan þeir hinir tjölduðu dvaldi Koch um stund í góðu yfirlæti á prestsetrinu, sendi skeyti til Danmerkur og fékk þær fréttir að Grænlandsfarið Godthaab lægi nú við festar í Akureyrarhöfn. Þeir voru eldsnemma á fótum næsta morgun, ákveðnir í að ná Vöðlunum í Eyjafjarðarbotni á fjöru.

Allt gekk eins og í sögu. Veðrið lék við þá. Þegar þeir horfðu ofan af Vaðlaheiði yfir Eyjafjörð fannst Vigfúsi sem hann hefði óvíða „séð svo víðáttumikil slægjulönd og svo grösug“ (Vigfús Sigurdsson 1948, 20). Ekki er ólíklegt að Koch hafi þótt tilkomumeira að sjá hið rammyggða Grænlandsfar Godthaab niðri á Pollinum.

Etatsráð Havsteen var sem fyrr svo elskulegur að ferja fyrir þá farangurinn yfir pollinn. Og þeim gekk næstum of vel að ríða Vaðlana að Koch fannst. Nú hafði hann misst af síðasta tækifærinu til að glíma við íslensk straumvötn. Hann hafði vonast til að geta tekið ljósmyndir af félögum sínum sundriðandi yfir ána. Hann varð fyrir vonbrigðum, vatnið náði hestunum rétt í kvið og ekkert tilefni ljósmyndatöku: „Vandet i Elven var ikke dybt nok; det gik næppe nok op paa Sadelklapperne, og der blev ingen Fotografering af den gang.“ (IGG 1. júlí 1912, 108). Wegener sagðist

hins vegar hafa orðið blautur í fætuna: „Wir hatten doch wenigstens alle Wasser in die Stiefel bekommen.“ (AWI 1912, 174).

Þeir komu til Akureyrar um hádegisbil. Erfiðri ferð var lokið á giftusamlegan hátt. Lundager hafði fengið nóg af ferðalögum og varð úr „að hann fengi lausn í náð“ (Vigfús Sigurdsson 1948, 20). Fimm dögum síðar, að kvöldi 6. júlí, átti Godthaab að láta úr höfn. Skömmu áður mættu etatsráð Havsteen, ritstjórar blaðanna og helstu fyrirmenni Akureyrarbæjar um borð að kveðja. Eins og sönnum prímadonnum sæmði létu íslensku þátttakendurnir hins vegar bíða eftir sér góða stund og birtust þá með viðeigandi hætti: „Vigfus kam 1 ½ St. zu spät, erschien dann aber zu Pferde im Galop“ (AWI 1912, 175).²⁷

Eftir það var ekkert að vanbúnaði og Godthaab lagði upp í hálfsmánaðarsiglingu til Danmarkshavn á norðausturströnd Grænlands með þá Koch, Wegener og Vigfús innanborðs, 16 hesta og Glóa, íslenskan hund sem Koch hafði keypt á síðustu stundu.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Undirbúningur leiðangursins um þvert Grænland 1912–1913 hafði byrjað í ársbyrjun 1911 og hvílt nær alfarið á herðum Kochs. Hann hafði snúist um að afla fjár og útvega skip til fararinnar, kaupa nauðsynlegan búnað og kost. Engum sögum fer af því að þeir Koch, Lundager og Wegener hafi með skipulegum hætti æft sig líkamlega og andlega fyrir ferðina. Ferðin yfir hálendi Íslands og Vatnajökul var því sannarlega góður og nauðsynlegur skóli fyrir þær raunir sem biðu þeirra á Grænlandsjökli. Þeir fóru rúmlega 530 kílómetra um þvert Ísland og til baka. Lengstu dagleiðirnar voru meira en 70 kílómetra langar. Þeir höfðu vakað

²⁷ „Vigfús mætti einum og hálfum tíma og seint, kom þá ríðandi á harðastökki.“

lengi og reynt verulega á kraftana, líka á þá andlegu. Íslenski fylgdarmaðurinn Vigfús hafði fallið vel í hóp með danska landmælingamanninum Koch og þýska veðurfræðingnum Wegener. Hann hafði staðið fyrir sínu.

Það er eftirtektarvert að þessir þrír menn eyða nær engu rými hver í annan í frásögnum sínum. Samskiptin ganga eins og athugasemdalaust fyrir sig. Sá sem verður þeim öllum eftirminnegastur er „hinn aldni þulur“ Jón Þorkelsson. Ekki er laust við kímni í lýsingum þeirra Vigfúsar og Wegeners en um leið fer aðdáunin ekki milli mála. Virðingin er afdráttarlausust hjá Koch og ekki er laust við trega þegar hann kveður Jón í Hvannalindum: „Ingen kender Odáðahraun som ham, der bl.a. 20 Gange har besøgt Askja” (IGG 18. júní 1912, 70).²⁸

Þeir hafa í nokkrum atriðum ólíka sýn. Koch er greinilega vanur því að stjórna og hjá honum gætir stundum óþreyju og jafnvel streitu. Í öllum helstu atriðum virðast þessir þrír menn þó umgangast eins og jafningjar. Wegener er einn um að tæpa á „gleðskap“ Sigurðar Sumarliðasonar en nefnir varla frammistöðu Lundagers, sem svo greinilega reynir á taugar Kochs og Vigfúsar. Eins og vænta má er alþýðumaðurinn Vigfús bundnastur af því að „segja söguna“ meðan vísindamennirnir velta meira vöngum og leita skýringa.

Meðan Wegener er með hugann við rykstróka furðar Koch sig á því hvernig þessi harðgeri og kyrkingslegi hálendisgróður í Ódáðahrauni lifir af. Vigfús er aftur á móti einn um að benda á þann úrgang sem ferðamenn á hálendi Íslands eru farnir

að skilja eftir sig árið 1912. Ættjarðarást Vigfúsar fer ekki á milli mála og reyndar ekki alveg laust við að Koch deili henni með honum. En öfugt við íslenska bóndann sjá Koch og Wegener ekki ástæðu til að dást að „búsældarlegum byggðum“ Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu. Allir þrír eru þeir djúpt snortnir af hrikalegri náttúru hálendisins; það er nánast eins og þeir verði fyrir trúarlegri upplifun þegar þeir koma niður af Vatnajökli á bakaleiðinni.

Eitt leiddi leiðangurinn í ljós sem öðru fremur skipti sköpum: Andreas Lundager var hvorki í líkamlegu né andlegu formi til að taka þátt í leiðangri sem átti að hafa vetursetu á Grænlandsjökli og halda síðan um þvert Grænland. Það má leiða líkum að því að þátttaka hans hefði getað kostað þá alla lífið.²⁹ Það varð að samkomulagi að Lundager segði sig frá leiðangrinum. Í hans stað var síðan ráðinn ungur maður úr áhöfn Godthaab, Lars Larsen, sem reyndist vel og létti mjög á hinu líkamlega álagi sem hvíldi á Vigfúsi Sigurðssyni í Grænlandsferðinni.

Það skal fullyrt að samheldnin sem ríkti milli þessara fjögurra leiðangursmanna við hinar erfiðustu kringumstæður á Grænlandsjökli er ein mikilvægasta ástæða þess að þeir komu allir lífs úr ferðinni.³⁰ Grunnurinn að þessari eindrægni var lagður í Vatnajökulsferðinni. Þar lærðu þeir hver á annan og þar lærðu þeir líka á kosti og kenjar íslensku hestanna.

Hestarnir stóðust þær kröfur sem til þeirra voru gerðar og vel það. Margir drógu í efa að hestar kæmu að notum í jöklaferðum og gera enn. Koch vissi fullkomlega hvað hann var að gera. Hann þekkti af eigin

²⁸ „Enginn þekkir Ódáðahraun eins vel og hann, sem hefur m.a. farið 20 ferðir til Öskju.“

²⁹ Vorið 1911 fór Lundager til Vestur-Grænlands og kom fyrir forðabúri við vesturrönd jökulsins. Vigfús var lítt hrifinn af frágangi Lundagers á forðabúrinu (Vigfús Sigurðsson 1948: 212–219). Einnig er ástæða til að spyrja hvort Lundager hafi gefið Koch fullnægjandi lýsingu á leiðinni af jöklinum til Þróven.

³⁰ Hvergi er að finna í dagbókum þeirra hnjóðsyrði í garð ferðafélaganna. Fyrir nútímafólk er líka merkilegt að þeir „þérast“ alla ferðina.

raun bæði íslenska hestinn og grænlandska sleðahundinn, jafnt kosti þeirra og galla. Árið 1908 höfðu þeir reynt, 10 manna hópur með 50 sleðahunda, að komast inn á ‚Dronning Louises land‘ en orðið frá að hverfa (Koch 1913, XIII). Hestarnir skiluðu fyllilega sínu hlutverki í Grænlandsferðinni. Einmitt með því að nota hesta komst Koch af með aðeins fjóra menn í svo viðamiklari verkefni sem veturseta og viðamiklar rannsóknir á Grænlandsjökli óhjákvæmilega voru. Öfugt við það sem margir hafa ætlað svaraði hann ekki aðeins mannskap heldur byrðar líka, fyrir utan að leiðangurinn varð einfaldari í sniðum stjórnunarlega séð.

Anorakkar, snjóþrúgur og pemmikan, eða kjötkökur að hætti norðuramerískra indjana, höfðu líklega aldrei fyrir komið við sögu á íslenskum fjöllum, hvað þá hið nýþróaða kraftfóður.³¹ Anorakkarnir voru mesta þarfaþing utan yfir íslenskum ullarpeysum. Snjóþrúgunar komu reyndar ekki að þeim notum sem búist hafði verið við en hestarnir lærðu að setta sig við kraftfóðrið. Og eftir Vatnajökulsferðina var Koch ljóst að það yrði að betrubæta tjaldbúnaðinn.

Vatnajökull, í júnímánuði árið 1912, bjó væntanlega Grænlandsfara ekki fullkomlega undir vetrardvöl í myrkri og 50 stiga frosti, né heldur ferðalag í 3000 metra hæð yfir sjávarmáli. Hvað þá að hann kenndi þeim að lifa af hamfarir jökulhlaups. Hann var þeim engu að síður góður kennari. Að einu leyti brást hann ef til vill. Hann hefði mátt minna þá á mikilvægi þess að verjast sól í jöklaferðum. Koch hefði átt að vita betur. Hann átti t.d. að þekkja einfaldar aðferðir Grænlandinga til að forðast snjóblindu. Það var hún sem reyndist þeim, sérstaklega hestunum, hvað hættulegust á hájökli Grænlands vorið 1913.

Hvorki Vatnajökull né Koch sjálfur hefðu getað ‚séð fyrir‘ afdrifaríkustu mistökin. Það er kaldhæðnislegt að litlu munaði að meingallað kort af leiðinni niður af jöklinum og að þorpinu Prøven á norðvesturströnd Grænlands kostaði landmælingamanninn Koch og félag hans lífið (Jan Kongstad, tölvupóstur 23. ágúst 2012).

Vatnajökulsferðin var ekki vísindaleiðangur. Hún var æfing, ekki bara fyrir erfitt ferðalag heldur líka væntanlegar rannsóknir. Koch og Wegener höfðu augun sífellt opin fyrir ýmsum fyrirbærum í náttúrunni sem urðu á vegi þeirra og þeir skráðu hjá sér eitt og annað. Að því leyti var hún þeim afar gagnleg æfing fyrir rannsóknir þeirra á Grænlandi.

Ef til vill undirstrikar það takmarkað ‚vísindalegt‘ gildi ferðarinnar að haustið 1913 birti Daniel Bruun grein í *Geografiske Tidsskrift* um hestaferðir Íslendinga yfir Vatnajökul fyrir á öldum (Bruun 1913, 155–173) þar sem hann (líkt og Koch sjálfur) telur ferðina staðfesta sannleiksgildi þeirra sagna sem hermdu að Vatnajökull hefði fyrir á öldum verið „alfaraleið“ milli Möðrudals á fjöllum og Örafasveitar.

Hvað sá Alfred Wegener og hvað sá hann ekki á ferð sinni um miðhálandi Íslands hálfu ári eftir að hann kynnti landrekskenningu sína í Frankfurt og Marburg? Þetta er spurning sem löngum hefur leitað á hugi íslenskra jarðvísindamanna (t.d. Árni Hjartarson 2012). Vorið 1990 skrifaði Sigurður Steinþórsson:

Wegener byggði kenningar sínar á gögnum sem aðrir vísindamenn höfðu safnað víðs vegar og kannski er það til marks um það að hann var ekki þjálfaður jarðfræðingur sjálfur og „óskyggn á landið“ að hann skyldi ekki taka eftir sprungum, gjám og eldhryggjum

³¹ Í Grænlandsferðinni tók Vigfús smám saman að efast um að ‚kraftfóður‘ væri réttnefni, sagðist nærri viss um að rúgmjöl og bankabygg hefðu meira fóðurgildi. (GT, Dagbók fyrir Vigfús Sigurðsson 27. maí 1913, 7).

Þingeyjarsýslu í reiðtúr sínum með Koch sumarið 1912 – og fengu þeir þó besta veður. (Sigurður Steinþórsson 1990, 12).

Það er rétt að Wegener, þessi „faðir nútíma jarðvísinda“, hafði ekki lesið jarðfræði í háskóla. Það er líka rétt að hann byggði kenningar sínar á gögnum annarra vísindamanna. Þar liggur einmitt höfuðstyrkur hans. Það er á grundvelli þessa víðfeðma gagnasafns sem hann sér „stóru myndina“ – setur fram kenningu sem er hálfri öld á undan tímanum. Eins og hér hefur komið fram verður hann hins vegar vart sakaður um að hafa verið „óskyggn á landið“. Að því marki sem svo kann að hafa verið þá var það vegna þess að ráðandi viðhorf menntaðra jarðfræðinga villtu fyrir honum. Og það var ekki síst til að koma til móts „andróður“ jarðfræðinga³² að hann stígur skrefið til baka, ef svo má segja, er hann gefur kenningu sína út á bók árið 1915.

Dagbók Wegeners, rétt eins og dagbækur og frásagnir þeirra Kochs og Vigfúsar, sýnir að landrekskenningin er ekki ofarlega í huga Wegeners í þessum leiðangri, hvorki á Íslandi né Grænlandi. Engar þessar heimildir nefna landrekskenninguna á nafn. Hann er ekki kominn til Íslands til að rannsaka landrek. Rétt eins grein hans „Staubwirbel auf Island“ (sjá Árne Hjartarson 2012) ber vitni um þá staðfestir dagbókin að rykstrókarnir yfir Ódáðahrauni vekja hvað mesta athygli hans í ferðinni. En dagbókin leiðir líka í ljós að hann er vel að sér í því sem fræðimenn á borð við Þorvald Thoroddsen höfðu skrifað um jarðfræði Íslands á þessum tíma.

Vissulega má kalla það gráglettni örlaganna að Alfred Wegener ríði um miðhálandi Íslands hálfu ári eftir að hann setti kenningu sína fram án þess að átta sig á að „hið mikla eldfjallabelti yfir þvert Ísland frá suðvestri til norðausturs“ (Þorkell Þorkelsson 1923, 95) er hluti af Miðatlantshafshryggnum. Það er líka kaldhæðnislegt að hugsa til þess að Wegener og þeir Jón gamli Þorkelsson, Sigurður Símonarson og síðast en ekki síst Vigfús Sigurðsson hefðu getað sagt honum eitt og annað um náttúruöflin á Íslandi, en gerðu ekki eftir því sem best er vitað. Allir höfðu þessir menn fengið að finna fyrir þeim kröftum sem kenna má við gliðnun Atlantshafsins.

Nokkrum vikum eftir Vatnajökulsferðina voru þeir Vigfús og Wegener einir á ferð dögum saman á Norðaustur-Grænlandi. Þeir komust því ekki hjá því að rabba saman þótt óhjákvæmilega hafi það hamlað samræðum þeirra að þeir urðu að tala tungumál sem var þeim báðum framandi ...

und zudem kann Vigfus noch weniger Dänisch als ich. Aber wenn er gut aufgelegt ist, erzählt er mich alte isländische Sagen, von Erik den Roten, der zuerst nach Grönland übersiedelte, von den alten Normannen (und speziell Isländern), die Amerika entdeckten, und eine Masse von Mord und Totschlaggeschichten aus dem alten Island. (Wegener 1961: 35).³³

Ef til vill sannast hér enn og aftur að Íslendingar eru meiri sagnamenn en vísindamenn og Þjóðverjar áhugasamari um fornar sögur en náttúru Íslands. En dagbækur segja auðvitað aldrei nema brot af því sem gerðist.

³² Sbr. Skírnisgrein Þorkels Þorkelssonar, „Kenning Wegeners um landflutning“, þar sem hann segir að andróður gegn kenningu Wegeners virðist mestur hjá jarðfræðingum (Þorkell 1923, 93). Þessi grein Þorkels er líklega markverðasta umfjöllun íslensks vísindamanns um landrekskenninguna allt frá því hún var sett fram til þess að flekakenningin (plate tectonics) byrjaði að taka á sig form.

³³ Í lauslegri þýðingu: „nema hvað Vigfús kann enn minni dönsku en ég. En þegar vel liggur á honum segir hann mér fornar íslenskar sögur, af Eiríki rauða, sem fyrstur nam land á Grænlandi, af fornnorrænum mönnum (einkum Íslendingum), sem uppgötvuðu Ameríku, og fjölmargar sögur af morðum og vígaferlum á Íslandi til forna.“

Eftirmáli

Grein sem þessi er eins og borgarísjaki. Ekki einasta er aðeins lítið brot sjáanlegt, heldur sjá ýmis öfl til þess að ásýndin verður smám saman allt önnur en í fyrstu. Greinin er allt önnur en hún var upphaflega, þökk sé ritrýnum mínum sem hafa sinnt verki sínu af sama persónulega metnaði og fyrstu ritrýnar Íslandsögunnar, þeir biskuparnir Þorlákur og Ketill. Aðstandendur Landabréfsins hafa einnig sýnt mér nær takmarkalaus þolinmæði og hafa lagt á sig ærna fyrirhöfn við að laga tilvísanir og heimildaskrá að eigin kröfum. Margir fleiri eiga þakkir skildar. Ég þakka systrunum Guðbjörgu og Karenu Tómasdætrum fyrir að hafa veitt mér fullan aðgang að dagbókum og öðrum gögnum Vigfúsar Grænlandsfara. Ég þakka Herði Geirssyni safnverði ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri fyrir að veita mér heimild til að birta merkilega ljósmynd Hallgríms Einarssonar af hinum væntanlegu Grænlandsförum sumarið 1912. Ég þakka þeim Bent Nielsen forstöðumanni og Justyn Salamon skjalaverði Arktisk Institut í Kaupmannahöfn fyrir að hafa veitt mér góðfúslegt leyfi til að birta ljósmyndir þeirra Kochs og Wegeners úr Íslandsferðinni. Þetta er í fyrsta sinn sem þessar myndir koma fyrir sjónir íslenskra lesenda. Ég þakka ennfremur Dr. Reinhard Krause vísindasagnfræðingi Alfred Wegener stofnunarinnar fyrir ánægjuleg samskipti og þá vinsemd að hafa veitt mér aðgang að dagbókarfrásögn Alfreds Wegeners úr ferð hans um miðhálandi Íslands. Hér er líka um frumbirtingu gagna að ræða. Og ég þakka Jan Kongstad sagnfræðingi fyrir að hafa ekki einasta látið mér í té myndir af handritinu að dagbókum J.P. Kochs heldur og eigið endurrit af bókunum. Enn og aftur skal nefnt að um er að ræða heimildir sem ekki hafa áður komið fyrir almenningssjónir. Við allt þetta fólk hef ég átt gagnlegt spjall, bæði munnlega og skriflega. Sérstaklega verð ég þó að þakka tveimur mönnum fyrir gefandi og fjórleg skoðanaskipti, þeim Jan Kongstad og Árna Hjartarsyni jarðfræðingi. Þau hafa reynst mér ómetanleg.

Ég stend í eilífri þakkarskuld við Franz heitinn Gíslason sagnfræðing og þýðanda sem á sínum tíma þýddi bók Vigfúsar Sigurðssonar Um þvert Grænland á þýsku fyrir Alfred Wegeners stofnunina og kom mér í sambönd við þá erlendu einstaklinga sem hér eru nefndir. Nú þegar hann er horfinn af vettvangi finnst mér hann vera öxulgatið sem við hin snúumst um.

HEIMILDIR

Útgefnar heimildir

- Ágúst Böðvarsson 1996: *Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi: Upphaf landmælinga Íslands*. Reykjavík: Landmælingar Íslands.
- Árni Hjartarson 2012: Alfred Wegener og samskipti hans við Íslendinga. *Náttúrufræðingurinn* 82(1–4): 126–134.
- Björn Björnsson 1876: Ferð Prófessórs Johnstrúps og fjelaga hans. *Þjóðólfur* 31. ágúst: 110–111.
- Bruun, D. 1901: Ved Vatna Jökulls Nordrand: Undersøgelser foretagne i Sommeren 1901 paa Islands Østland. *Geografisk Tidsskrift* 16: 155–173.
- Bruun, D. 1913: Islænderfærder til Hest over Vatna-Jökull. *Geografisk Tidsskrift* 22: 4–13.
- Dagfari* 23. júlí 1906: L. Mylius-Erichsen og Grænlandsför hans. Bls. 83–84.
- Erkes, H. 1926: Dyngjufjöll og Askja (þýð. Jónas Rafnar). *Íslendingur* 13. ágúst: 2–3.
- Fjallkonan* 16. desember 1904: Mælingar herstjórnarráðsins hér á landi. Bls. 197.
- Flosi Björnsson 1998: Landmælingar í Örafum 1902 og 1904. *Skaftfellingur* 12: 95–143.
- Geografisk Tidsskrift* 1905: Danmarksekspeditionen til Grønlands Nordøstkyst. Bls. 276.
- Gjallarhorn* 22. september 1910: Upp á Kverkfjöll. Bls. 29.
- Helgi Pétursson 1906: Jarðskjálftar og jarðskjálftarannsóknir. *Ingólfur* 13. maí: 83–84.
- Helgi Valtýsson 1973: *Sögubættir landþóstanna*. Akureyri: Norðri.
- Ingólfur* 15. apríl 1913: Jón Þorkelsson. Bls. 59.
- Ísafold* 6. mars 1912: Ný Grænlandsför. Bls. 47.
- Ísafold* 9. mars 1912: Grænlandsförin. Bls. 52.
- Íslendingur* 29. ágúst 1958: Sigurður Sumarliðason. Bls. 2.
- Koch, J. P. 1906: Fra Generalstabens topografiske Afdelings Virksomhed paa Island. *Geografisk Tidsskrift* 18, 1–14.
- Koch, J. P. 1912: Den Danske Ekspedition til Dronning Louises Land og tværøver Nord-

- grönlands Indlandsis 1912–1913. *Geografisk Tidsskrift* 21: 257–264.
- Koch, J. P. 1913: *Gennem den hvide Ørken: den danske Forskningsrejse tværs over Nordgrønland 1912–13*. København: Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag.
- Lögretta* 13. mars 1912: Könnunarför til Grænlands. Bls. 48.
- Norðlingur* 18. febrúar 1876: Dyngjufjallagosið. Bls. 149–151.
- Reeh, N. 1993: Koch og Wegener gavner nutiden: deres glaciologiske undersøgelser på Indlandsisen i Nordøstgrønland 1906–08 og 1912–13 danner vigtig baggrund for vurderingen af nutidige observationer af gletchernes dynamik. *Forskning i Grønland* 2/3: 26–32.
- Reykjavík* 26. júlí 1902: Reykjavík og grend. Bls. 2–3.
- Reykjavík* 23. júlí 1907: Dagbók. Hörmulegt slys. Bls. 177–178.
- Sigurður Steinþórsson 1990: Alfred Wegener og landrekskenningin. *Tíminn* 19. apríl: 10–12.
- Trautz, M. 1912: Landkönnunarferðir á Íslandi. *Ísafold* 5. október: 239–240.
- Vigfús Sigurðsson 1916: *Um þvert Grænland með Kapt. J. P. Koch 1912–1913*. Reykjavík: Fjallkonuútgáfan.
- Vigfús Sigurðsson 1948: *Um þvert Grænland með Kapt. J. P. Koch 1912–1913*. Reykjavík: Ársæll Arnason.
- Vísir* 8. mars 1912: Frá útlöndum. Rannsóknarferð til Grænlands. Bls. 65.
- Vísir* 18.–28. nóv. og 3. des 1913.: Ferðir Vigfúsar Sigurðssonar, Vatnajökulsför þeirra Kochs.
- Watts, W. L. 1876: *Across the Vatna Jökull; or Scenes in Iceland; Being a Description of Hitherto Unknown Regions*. London: Longmans and Co.
- Wegener, A. 1912: Die Entstehung der Kontinente. *Petermanns Geografische Mitteilungen*, 1912, Aprilheft. Bls. 305–306.
- Wegener, A. 1961: *Tagebuch eines Abenteurers – Mit Pferdeschlitten quer durch Grönland*. Wiesbaden: Eberhard Brockhaus.
- Þorkell Þorkelsson 1923: Kenning Wegeners um landflutning. *Skírur* 97: 82–95.
- Þorleifur Jónsson 1954: *Ævisaga*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Óútgefnar heimildir

- Alfred-Wegener-Institut für Polar- und Meeresforschung [AWI], Bremerhaven, Þýskalandi, Archiv für deutsche Polarforschung. Úr dagbók Alfreds Wegeners 1912 (vérlitað afrit).
- Arktisk Institut [AI], Kaupmannahöfn, Danmörku: Danmarksekspeditionen, nr. A. 300. Bréf C. J. Janssens til Mylius-Erichsens 20. febrúar 1906.
- Institut for Geografi og Geologi [IGG], Kaupmannahafnarháskóla, Danmörku, Geobibliotek: Dagbók J.P. Kochs nr. I 1911 (ódags.) og 1912, 1. júní–6. júlí.
- Guðbjörg Tómasdóttir [GT], einkasafn, Reykjavík:
- Bréfasafn Vigfúsar Sigurðssonar 1912.
 - Kommiteen for den danske Ekspedition til Dronning Louises Land og tværsover Nordgrønlands Indlandsis 1912 – 1913 1912, 18. október. En avregning for Hr. Vigfus Sigurdsson.
 - Dagbók fyrir Vigfús Sigurðsson á Grænlandsferðalagi hans með Kaftein J. P. Kock, [hafin] 7. júlí 1912 – 15. júlí 1913.